

Ísafirði 10.06.2022

Efni:

Styrkbeiðni til Vesturbyggðar vegna ferðakostnaðar á Haustþing Kennarasambands Vestfjarða 2022.

Greinargerð:

Kennarasamband Vestfjarða er félag sem starfar fyrir alla Vestfirði og sú hefð hefur skapast að haustþingin eru haldin víðsvegar um héraðið til að allir geti einhvern tímann fengið að sitja þingið án þess að ferðast um langan veg. Þann 9. september næstkomandi verður haustþingið haldið á Drangnesi. Til að koma félagsmönnum á milli hefur verið farin sú leið að leigja rútu og við það er mikill kostnaður. Þar af leiðandi leitumst við eftir því að sveitarfélagið komi að kostnaði með styrkveitingu.

Þessi leið hefur verið farin áður og hefur Vesturbyggð ávallt tekið jákvætt í þessa beiðni okkar og veitt okkur styrki sem við erum þakklát fyrir og hefur það í rauninni gert okkur kleift að hafa þetta fyrirkomulag á. Það er mjög mikilvægt fyrir kennara svæðisins að hittast, dagurinn er nýttur til fræðslu með fjölbreyttum fyrirlestrum og málstofum. Í lok dags er síðan aðalfundur félagsins haldinn.

Með fyrirfram þökk um jákvæðar viðtökur

Jóhanna Ása Einarsdóttir

formaður KSV